

## GJALDSKRÁ

**fyrir hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi.**

1. gr.

Fyrir hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróagjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 3. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi nr. 841/2001.

2. gr.

Rotþróagjald er kr. 7.500 á rotþró.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps 18. janúar 2016, skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 259/2013.

*Borgarfirði, 19. janúar 2016.*

**Jón Þórðarson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2016